

43. fundur skólanefndar ML 7. febrúar 2003 kl 14.00

Fundinn sátu nefndarmenn nema Margrét Einarsdóttir, sem boðaði forföll.

Nýr fulltrúi nemenda er Ninja Ýr Gísladóttir

Formaður setti fund og bauð nýjan fltr. nemenda sérstaklega velkominn til fundar.

Fundarefni:

1. Kynningarmál skólans.

Skm. Sagði að nú væri lagt meira undir en venjulega og greindi frá því að tveir útskrifaðir nemendur hefðu verið ráðnir tímabundið til að sinna kynningarmálum og til að fá nemendur úr neðri bekkjum í lið með sér, sem síðan munu bera merkið áfram. Þeir hafa valið með sér kjarna nemenda og kynningarrit er langt komið og verður tilbúið um næstu mánaðamót.

Kynningardagur verður aftur haldinn eins og á síðasta ári.

Takist vel til með kynningarmálin má reikna með að velja þurfi úr umsóknum, en heimavistarrými er fyrir 160 nemendur.

2. Skipurit

Páll hafði framsögu um skipuritstillögu í framhaldi af umræðu á síðasta fundi. Gerðar voru tillögur um smávægilegar breytingar á heimavistarsviði, þannig að umsjónarmaður fasteigna komi sem yfirmaður undir þvottum, en starfsmaður sé þar undir í þjónustuhlutverki. Ennfremur að mötuneytisráð sé sem þjónustufaktor fyrir ofan bryta.

Ragnar lagði fram hugmynd um skipulegt ferli sem nota má við að fjalla um þjónustuþætti eins og t.d. þvottahús.

Það er skilningur fundarmanna að skipuritið taki mið af þeim aðstæðum sem nú eru uppi, t.d. í starfsmannamálum og því megi reikna með að skipuritið verði endurskoðað í ljósi breyttrar samsetningar starfsmanna.

Skipuritstillagan var samþykkt með áorðnum breytingum.

Skipuritstillagan, eins og hún var lögð fyrir fundinn, fylgir með fundargerðinni.

3. Sýn skólans, markmið og leiðir.

Skólameistari fór hér yfir afurðir djúpra pælinga sinna undanfarin ár. Hugmyndir sínar hefur hann þegar kynnt á kennarafundi. Sýn hans fyrir hönd skólans, tekur á flestum þáttum í starfi skólans til framtíðar. *Erindið fylgir með fundargerðinni.*

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með framkomnar hugmyndir, en talið nauðsynlegt að búa til hnitmiðað leiðarljós.

4. Námsframboð, brottfall, námskröfur o.fl.

Páll fylgdi málinu úr hlaði, og lagði fram yfirlit yfir þróun nemendafjölda undanfarin ár. Megintilgangur yfirlitsins var að sýna mikið brottfall á íþróttabraut í samanburði við aðrar brautir. *Línuritin fylgja með fundargerðinni.*

Þetta brottfall er ákveðið áhyggjuefni og framtíð brautarinnar hlýtur að ráðast af því hvernig til tekst á næstu árum.

Fundarmenn skiptust á hugmyndum í þessu sambandi en engar samþykktir voru gerðar.

Fjallað var um hvert skólinn ætti helst að stefna í námsframboði og virtist almenn skoðun sú að eðlilegast væri að hann sérhæfði sig meira í ljósi stærðarinnar.

24.3.2011

5. Undirbúningur afmælis skólans.

Skm. fór yfir stöðu mála.

Hann greindi m.a. frá hagræðingakvöldi 27. febrúar. Í tilefni afmælisins.

Þá eru hugmyndir um opinn stjórnmalafund og málþing um skilin milli grunnskóla og framhaldsskóla.

Í síðustu viku fyrir afmælið verða margvísleg dagskráratriði.

Drög eru í vinnslu að ramma fyrir sjónvarpsþátt sem verður 30-45 mín langur. Hann verður væntanlega sýndur í haust.

6. Framkvæmdir og fjármál.

Skm. gerði grein fyrir stöðu þessara mála.

42 millj. verða til framkvæmda á árinu. Þarna eru inni eldhúsgangur (ca. 12 millj.) og salernisaðstaða á Kös (ca. 12 millj.), 5-6 millj. verður haldið til haga vegna mögulegra endurbóta á Garði, þá er draumur um að hefja endurbætur á skólastofum.

Skm. dreifði helstu niðurstöðutölum vegna fjárhagsáætlunar 2003. Miðað við gefnar forsendur hljóðar áætlun um rekstur skólans upp á kr. 108.600.000.

Fylgir fundargerð.

7. Önnur mál

FS- netið

Skm greindi frá tilkomu FS-nets – framhaldsskólanetsins.

Um er að ræða 100Mb tengingu milli framhaldsskólanna, en 10Mb tengingu við internetið.

Allir framhaldssk. eru skyldaðir til að taka á sig kostnað sem þessu fylgir.

Skólinn er nú tengdur við þetta net með 2Mb sambandi, vegna skorts á búnaði í símsstöð hér. Eðlilegt samband á að vera komið í haust.

Samræmd stúdentspróf.

Skm kynnti reglugerð um samræmt stúdentspróf. Hefst með samræmdu prófi í íslensku í janúar 2004. Enska og stærðfræði bætast við ári síðar.

Vísaði skm. til reglugerðar um þessi próf á vef MRN.

Forvarnastefna ML.

Skm dreifði til kynningar forvarnastefnu skólans sem samþykkt var í des. 2002.

Dreifildið fylgir með fundargerðinni.

Dómur Hæstaréttar vegna starfslokasamnings við fyrrv. starfsmann skólans.

Dómurinn féll ríkinu í hag.

Formannskjör.

Samþykkt var að velja Sigurð Inga Jóhannsson til áframhaldandi setu í stóli formanns.

Fundi slitið kl. 16.30

Páll M Skúlason

fundarritari

24.3.2011